

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 122/2024

frá 12. júní 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og
vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmda-
stjórnarinnar (ESB) 2023/2713 frá 5. desember 2023 um tilnefningu til-
vísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins á sviði lækningatækja til
sjúkdómsgreiningar í glasi ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 12c (framkvæmdarreglugerð framkvæmda-
stjórnarinnar (ESB) 2022/945) í XXX. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12d. **32023 R 2713**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB)
2023/2713 frá 5. desember 2023 um tilnefningu tilvísunarrannsóknarstofa
Evrópusambandsins á sviði lækningatækja til sjúkdómsgreiningar í glasi
(Stjtið. ESB L, 2023/2713, 6.12.2023).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/2713, sem
verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst full-
gildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. júní 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar
samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2713, 6.12.2023.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. júní 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.